

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 28. desember 2013.
Tímasetning fundar: kl. 12:00 - 13:25
Fundarstaður: Lækjarbrekka

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Anna Laxdal (AL)	formaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	gjaldkeri	Mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	varaformaður	Mætt
Dagný Þrastardóttir (DÞ)	meðstjórnandi	Skype
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	nýliði í stjórn	Mætt
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	nýliði í stjórn	Mætt
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt
Snæfríð Egilson (SE)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir (AS)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Anna Guðrún Gylfadóttir (AGG)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Kolbrún Halldórsdóttir (KH)	nýliði í varastjórn	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Formleg stjórnarskipti**

Anna Laxdal formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gígunnar. Nýjar konur voru boðnar velkomnar til starfa. Nýja stjórnin skipti með sér verkum. Þórhildur Kristjánsdóttir verður formaður Gígunnar. Dagný Þrastardóttir og Anna Laxdal fara úr stjórn og inn koma Dagbjört Ottósdóttir sem varaformaður og Guðlaug Ásgeirsdóttir sem gjaldkeri. Ragnheiður Helgadóttir hættir sem gjaldkeri og kemur inn sem meðstjórnandi. Steiney Halldórsdóttir verður áfram ritari. Anna Guðrún Gylfadóttir hættir í varastjórn og Kolbrún Halldórsdóttir kemur inn í hennar stað. Aðalheiður Gunnarsdóttir ætlar að halda áfram að vera vefstjóri og sjá um heimasíðu Gígunnar.

Öll fundarboð og allar fundargerðir verða sendar á varamenn og stjórn Gígunnar.

Ritari mun senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlestrar/samþykktar áður en þeim er komið inn á vefsetrið. Skoðunarmenn reikninga verða Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir.

Aðalstjórn Gígunnar næsta starfsár.

Þórhildur Kristjánsdóttir Kvk Hornafjarðar formaður
Dagbjört Ottósdóttir Kvk Léttuveit Reykjavíkur varaformaður
Steiney Halldórsdóttir Kvk Hafnarfjarðar ritari
Guðlaug Ásgeirsdóttir Kvk Heklunum gjaldkeri
Ragnheiður Helgadóttir Kvk Hafnarfjarðar meðstjórnandi

Varastjórn Gígjunnar næsta starfsár.

Snæfríð Egilson, Kvk Akureyrar
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk Akureyrar
Kolbrún Halldórsdóttir, Kvk Reykjavíkur

2. Skipulag tölvupósts Gígjunnar

AG heldur áfram sem vefstjóri Gígjunnar. AG kemur öllum upplýsingum áfram sem koma frá aðildarkórunum og setur fréttir inn á vefsetur Gígjunnar.

3. Fánar og barmmerki.

AL ætlar að láta ÞK hafa allar upplýsingar og gögn um fánana og barmmerkin. Ákveðið var að taka tilboði Merkismanna í fánana og barmmerkin. Ákveðið var að hátíðafáni yrði í umsjón formanns Gígjunnar en borðfánar í umsjón þess kórs sem heldur landsmótið.

4. Einblöðungur.

Rætt var um að Gígjan þurfi að vera sýnilegri inni í kórunum. Ákveðið var að gera einblöðung fyrir landsmót með upplýsingum um Gígjuna. Þar yrði einblöðungnum dreift til allra kórfélaga.

5. Heiðursviðurkenning Gígjunnar.

Skoða þarf hvort Gígjan ætli að veita heiðursviðurkenningu á landsmóti kvennakóra í vor. Heiðursviðurkenningin hefur verið Harpan eftir Ásmund Sveinsson og hefur kórinn látið grafa á styttna hjá Silfursmiðju Ernu.

6. Landsmót 2017.

Það þarf að huga að því hvaða kór væri tilbúinn í að halda landsmót kvennakóra 2017. Senda þarf póst á formenn kóranna um hvort áhugi sé fyrir því að halda landsmót.

7. Starfsmaður fyrir öll kórasambönd.

Hugmynd kom á aðalfundi frá Margréti Bóasdóttur að ráða starfsmann fyrir öll kórasamböndin á Íslandi. Það þarf að hafa samband við hana og jafnvel fá hana á stjórnarfund hjá Gígjunni varðandi þetta mál.

8. Mótmæli.

Vegna erindis sem barst til Gígjunnar var rætt um það hvort Gígjan eigi að þaka þátt í mótmælum eins og voru vegna uppsagna hjá RÚV. Sammælt var um að það væri ekki hlutverk Gígjunnar að vera þátttakandi í þannig mótmælum, enda starfsemi Gígjunnar ekki pólitísk heldur snýst aðallega um að efla starf kvennakóra í landinu.

5. Innheimta félagsgjalda 2013-2014

Formönnum allra aðildarkóranna verður sent innheimtubréf á næstunni frá gjaldkera. Þessi bréf þurfa að berast sem fyrst með gjalddaga og senda síðan ítrekun til kóranna ef ekki er búið að greiða á gjalddaga. RH ætlar síðan að vera í sambandi við GÁ vegna breytinga á prókúru í bankanum, þar sem GÁ tekur við af RH sem gjaldkeri á þessu starfsári.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 13.25

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir